

## FUNDARGERÐ

Aðalfundar Símans hf. fimmtudaginn 15. mars 2018, kl. 10:00

Haldinn að Nauthóli Reykjavík

### Dagskrá

1. Skýrsla stjórnar um starfsemi félagsins á liðnu starfsári
2. Ársreikningur félagsins fyrir liðið starfsár, ásamt skýrslu endurskoðanda, lagður fram til staðfestingar.
3. Ákvörðun um ráðstöfun hagnaðar félagsins þ.m.t. greiðslu arðs
4. Kosning stjórnar félagsins
5. Kosning löggilts endurskoðanda eða endurskoðunarstofu
6. Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna félagsins fyrir störf þeirra
7. Tillaga stjórnar um starfskjarastefnu félagsins
8. Tillaga stjórnar um lækun á hlutafé og breytingu á samþykktum félagsins
9. Tillaga um að heimila félaginu kaup á eigin hlutabréfum skv. 55. gr. hlutafélagalaga og framkvæmd endurkaupaáætlunar.
10. Tillaga frá hluthöfum sem ber að taka á dagskrá
11. Önnur mál

Stjórnarformaður, Bertrand B. Kan, setti aðalfund félagsins og bauð fundarmenn velkomna. Tillaga hans um að Pétur Guðmundarson, yrði skipaður fundarstjóri var samþykkt. Fól stjórnarformaður skipuðum fundarstjóra stjórn fundarins. Fundarstjóri bar upp tillögu um að Óskar Hauksson yrði kjörin fundarritari, sem var samþykkt.

Fundarstjóri fór yfir boðun fundarins. Til fundarins var boðað með Kauphallartilkynningu þann 22. febrúar s.l. auk auglýsinga í Fréttablaðinu og Morgunblaðinu þann 14. mars með tilvísun í Kauphallartilkynninguna. Boðun er innan tilsettra tímafresta skv. grein 12.3 í samþykktum félagsins. Fundarstjóri úrskurðaði í kjölfarið fundinn lögmætan til að afgreiða þau mál sem á dagskrá hans eru. Mætt var á fundinn fyrir 64,9067% af virku hlutafé.

Gengið var til dagskrár.

#### 1. Skýrsla stjórnar um starfsemi félagsins á liðnu starfsári

Formaður stjórnar, Bertrand B. Kan, gerði grein fyrir starfi stjórnar á undangengnu starfsári félagsins.

#### 2. Ársreikningur félagsins fyrir liðið starfsár, ásamt skýrslu endurskoðanda, lagður fram til staðfestingar

Forstjóri Símans gerði grein fyrir ársreikningi félagsins.

Fundarstjóri bar upp tillögu um ársreikning félagsins:

„Stjórn Símans hf. leggur til við aðalfund félagsins að ársreikningur fyrir árið 2017 verði staðfestur.“

Vísað er í ársreikningsins um ráðstöfun hagnaðar og aðrar breytingar á eiginfjárreikningum.

Tillaga stjórnar var samþykkt samhljóða.

### **3. Ákvörðun um ráðstöfun hagnaðar félagsins þ.m.t. greiðslu arðs**

Fundarstjóri bar upp tillögu um hvernig skyldi farið með hagnað félagsins:

„Stjórn Símans hf. leggur til við aðalfund félagsins að greiddur verði út arður til hluthafa vegna ársins 2017 sem nemur kr. 0,034 á hlut. Þannig nemi heildararðgreiðsla kr. 310,6 milljónir sem felur í sér 10% af hagnaði ársins 2017.“

Tillaga stjórnar var samþykkt samhljóða.

Arðsréttindadagur verður 19. mars 2017, arðleysisdagur verður 16. mars og útborgunardagur 6. apríl 2017.

### **4. Kosning stjórnar félagsins**

Eftirtaldir aðilar buðu sig fram til stjórnar:

Bertrand B. Kan	kt. 230866-2799
Birgir Sveinn Bjarnason	kt. 020762-6759
Helga Valfells	kt. 040464-3019
Ksenia Nekrasova	
Sylvía Kristín Ólafsdóttir	kt. 151280-4129

Þar sem fleiri gáfu ekki kost á sér til setu í stjórn voru ofangreindir aðilar sjálfkjörnir og þar með réttkjörnir til setu í stjórn Símans hf. til næsta aðalfundar.

### **5. Kosning löggilts endurskoðanda eða endurskoðunarstofu**

Fundarstjóri bar upp eftirfarandi tillögu:

„Stjórn Símans hf. leggur til við aðalfund félagsins að KPMG ehf. verði endurskoðunarfyrtæki félagsins og að Alexander Eðvardsson og Árni Claessen muni annast endurskoðunina f.h. KPMG ehf.“

Aðrir gáfu ekki kost á sér og úrskurðaði fundarstjóri KPMG réttkjörna endurskoðendur til næsta aðalfundar.

## 6. Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna félagsins fyrir störf þeirra

Fundarstjóri bar upp tillögu stjórnar:

„Laun stjórnarformanns verði 680.000 kr. á mánuði, laun varaformanns 510.000 kr. og laun annarra stjórnarmanna 340.000 kr. á mánuði.

Þóknun fyrir setu í undirnefndum skal vera sem hér segir:

### Endurskoðunarnefnd:

Formaður	190.000 kr. á mánuði
Aðrir nefndarmenn	80.000 kr. á mánuði

### Starfskjaranefnd:

Formaður	110.000 kr. á mánuði
Aðrir nefndarmenn	55.000 kr. á mánuði“

Tillaga stjórnar var samþykkt samhljóða.

## 7. Tillaga stjórnar um starfskjarastefnu félagsins

Tillaga stjórnar Símans hf. að starfskjarastefnu lá frammi á skrifstofu félagsins og var aðgengileg á vefsíðu þess.

Fundarstjóri bar upp tillögu stjórnar um að samþykkja óbreytta starfskjarastefnu frá fyrra ári.

Starfskjarastefnan var samþykkt með þorra atkvæða en gegn atkvæðum Eaton Vance Management. Fundarstjóri bar undir fundinn hvort menn efuðumst um hvort tillagan hefði verið samþykkt og var svo ekki.

## 8. Tillaga stjórnar um lækun á hlutafé og breytingu á samþykktum félagsins

Fundarstjóri bar upp eftirfarandi tillögu:

Stjórn félagsins leggur fram eftirfarandi tillögu til afgreiðslu um lækun á hlutafé félagsins:

„Aðalfundur Símans hf., haldinn 15. mars 2018, samþykkir að lækka hlutafé félagsins úr kr. 9.444.201.742 að nafnverði í kr. 9.250.000.000 að nafnverði, til jöfnunar eigin hluta á grundvelli laga nr. 2/1995, um hlutafélög. Hlutafé félagsins lækkar þar með um kr. 194.201.742 að nafnverði. Lækkunin tekur til eigin hluta félagsins sem það hefur keypt á markaði í samræmi við endurkaupaáætlanir stjórnar sem aðalfundur 2017 veitti samþykki fyrir. Fjárhæð lækkunar miðast við stöðu eigin hluta við lok árs 2017.“

Fjárhæð hlutafjár í samþykktum félagsins verður breytt til samræmis, þannig að gr. 4.1. í samþykktum félagsins orðist eftirleiðis svo:



„Hlutfé félagsins er 9.250.000.000, - níumilljarðar tvö hundruð og fimmtíu milljónir.“  
Tillagan var samþykkt með öllu atkvæðum sem farið var með á fundinum.

### 9. Tillaga um að heimila félaginu kaup á eigin hlutabréfum skv. 55. gr. hlutfélagalaga og framkvæmd endurkaupaáætlunar

Fundarstjóri bar upp eftirfarandi tillögu:

Stjórn félagsins leggur til við aðalfund félagsins að eftirfarandi tillaga um kaup á eigin hlutum verði samþykkt og komi í stað núverandi heimildar stjórnar félagsins til að kaupa eigin hluti sem veitt var á aðalfundi félagsins þann 16. mars 2017:

„Aðalfundur Símans hf. þann 15. mars 2018 heimilar stjórn félagsins að kaupa í eitt skipti eða oftari næstu 18 mánuðum hlutabréf í félaginu þannig að það ásamt dótturfélögum þess eigi, að öðrum lagaskilyrðum uppfylltum, allt að 10% af hlutfé þess, þ.e. að hámarki kr. 925.000.000 að nafnverði, í þeim tilgangi að koma á viðskiptavakt með hluti í félaginu og/eða til að setja upp formlega endurkaupaáætlun. Endurgjald fyrir keypta hluti skal ekki vera á hærra verði en nemur verði síðustu óháðu viðskipta eða hæsta fyrirbyggjandi óháða kauptilboði í þeim viðskiptakerfum þar sem viðskipti með hlutina fara fram, hvort sem er hærra. Slík kaup eru þó heimil ef þau eru gerð af viðskiptavaka skv. 116. gr. laga um verðbréfavíðskipti eða á grundvelli 1. tölul. 3. mgr. 115. gr. og 2. mgr. 119. gr. laga um verðbréfavíðskipti og reglugerða sem settar eru á grundvelli 118. og 131. gr. sömu laga. Heimild þessi byggir á ákvæðum 55. gr. laga nr. 2/1995.“

Heimildarinnar verður getið í sérstökum viðauka við samþykktir félagsins og skal viðaukinn vera hluti af samþykktunum þann tíma sem heimildin er í gildi, sbr. grein 8.1 samþykktu félagsins.

Tillagan var samþykkt samhjóða.

Fundarstjóri bar upp eftirfarandi tillögu stjórnar:

„Með vísan til heimildar stjórnar Símans hf. til kaupa á hlutum í félaginu samkvæmt samþykkt aðalfundar 15. mars 2018 veitir aðalfundur Símans hf. 15. mars 2018 stjórn félagsins heimild til að kaupa hluti í félaginu með framkvæmd endurkaupaáætlunar. Tilgangur endurkaupaáætlunarinnar er að lækka hlutfé félagsins og/eða nota keypta hluti til úthlutunar til starfsmanna félagsins á grundvelli kaupréttaráætlunar sem samþykkt var á hluthafafundi félagsins 8. september 2015.

Endurkaupaáætlunin verður framkvæmd af óháðum utanaðkomandi aðila, verðbréfafyrirtæki eða lánastofnun, sem tekur þar með allar viðskiptaákvæðanir er varða kaup á hlutum og tímasetningu kaupanna óháð félaginu. Fjárhæð endurkaupanna skal að hámarki nema 1.242,4 milljón króna. sem er 40% af hagnaði ársins 2017. Kaupin verða framkvæmd í áföngum með þeim skilyrðum að kaup hvers dags mega að hámarki vera 25% af meðaltali daglegra viðskipta með hlutabréf félagsins í Kauphöll Íslands í mánuðinum á undan þeim mánuði þegar áætlunin er birt opinberlega. Endurgjald fyrir keypta hluti skal ekki vera hærra en sem nemur verði síðustu óháðu viðskipta eða hæsta fyrirbyggjandi óháða kauptilboði í þeim viðskiptakerfum þar sem viðskipti með hlutina fara fram, hvort sem er hærra. Viðskipti félagsins með eigin hluti í samræmi við endurkaupaáætlunina skulu tilkynnt í samræmi við lög og reglugerðir.

Heimild þessi skal gilda fram að aðalfundi félagsins 2019, en þó aldrei lengur en til 15. mars 2019.“

Tillagan var samþykkt samhljóða.

#### 10. Tillaga frá hluthöfum sem ber að taka á dagskrá

Stjórnarformanni og forstjóra Símans hf. barst þann 2. mars síðastliðinn bréf frá Eaton Vance Management með tillögu þeirra sem borin er upp fyrir hönd sjóða í þeirra stýringu en sem Euron Vance Management fer með atkvæðisrétt fyrir. Sjóðirnir eiga samtals yfir 10% hlutfjár í Símanum.

Tillagan var svohljóðandi:

„Aðalfundur Símans hf. samþykkir að félagið skuli skipa tilnefningarnefnd. Aðalfundur felur stjórn Símans að setja á laggirnar og skipa tilnefningarnefnd í samræmi við leiðbeiningar Viðskiptaráðs Íslands um stjórnarhætti fyrirtækja.“

Þann 14. mars barst breytingartillaga við ofangreinda tillögu frá Gildi-lífeyrissjóði. Samkomulag var með flutningsmönnum beggja tillagnanna að leggja tillöguna fram breytta svo sem tillaga Gildis gerir ráð fyrir.

Tillagan var því lögð fyrir fundinn svohljóðandi:

„Aðalfundur Símans hf. ályktar að fela stjórn félagsins að undirbúa að koma á fót tilnefningarnefnd innan félagsins í samræmi við leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja, útgefnar af Viðskiptaráði Íslands, Nasdaq Iceland og Samtökum atvinnulífsins. Tillaga stjórnar að fyrirkomulagi tilnefningarnefndar hjá félaginu og starfsreglur fyrir hana skulu borin undir hluthafafund til samþykktar sem halda skal á árinu 2018. Miða skal við að fulltrúar í tilnefningarnefnd séu kosnir með beinni kosningu á hluthafafundi, nema hluthafafundur samþykki það fyrirkomulag að stjórn skipi einn stjórnarmann í nefndina.“

Fundarstjóri bar upp tillöguna upp til samþykktar:

Tillagan var samþykkt samhljóða.

#### 11. Önnur mál.

Fráfarandi stjórnarmaður Stefán Árni Auðólfsson hélt ræðu þar sem hann þakkaði stjórnarmönnum og starfsfólki félagsins fyrir samstarfið.

Fráfarandi stjórnarmaður Heiðrún E. Jónsdóttir hélt ræðu þar sem hún þakkaði stjórnarmönnum, hluthöfum og starfsfólki félagsins fyrir samstarfið.

Fundargerð upplesin. Engar athugasemdir bárust og var fundi slitið kl. 10:55.



Pétur Guðmundarson  
Fundarstjóri



Óskar Hauksson  
Fundarritari